

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Norðurþingi.

Deiliskipulag fyrir miðbæjarsvæði 7, Útgarð og Pálsgarð á Húsavík.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 15. júní 2021 deiliskipulag miðbæjarsvæðis 7, Útgarð og Pálsgarð á Húsavík. Í deiliskipulaginu eru þrjár lóðir, reistar hafa verið byggingar á tveimur þeirra. Á óbyggðri lóð, að Útgarði 2, verður heimilt að reisa þriggja hæða fjölbýlishús ásamt kjallara og gert er ráð fyrir að lágmarki 6 íbúðum í húsinu.

Með þessari gildistöku fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir lóðina Útgarð 4-8.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Húsavík, 13. september 2021.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2021